

104

27. okt.

31. gr.

Með reglugerð þessari eru numdar úr gildi allar fyrri samþykktir bæjarstjórnar um afnot af landeigninni, að því leyti sem þær koma í bága við ákvæði hennar.

32. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 28. nóvember 1919, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

105

28. okt.

REGLUGERÐ

um

viðauka við reglugerð um varnir gegn útvarpstruflunum frá 13. maí 1930.

Samkvæmt lögum nr. 14, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 12, 20. október 1905, um ritsíma og talsíma o. fl., eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar bætist: Eigi má heldur selja eða láta af hendi til annara slík truflandi tæki nema með leyfi útvarpsstjóra, enda séu truflanir frá þeim áður útilokaðar eins og unnt er og talið verður fullnægjandi.

2. gr.

Nú eru einhver þeirra tækja, sem að framan eru talin, eða önnur rafmagnstæki, sem valdið geta truflunum á útvarpi, þannig ger, að eigi er unnt að deyfa nægilega truflanir frá þeim, eða það er sérstaklega kostnaðarsamt, og er þá óheimilt að nota þau án sérstaks leyfis útvarpsstjóra, sem þá ákveður, á hverjum tíma dags má nota þau. Hraðskiptistraumstæki þau, sem almenn eru nefnd „Tesla“-tæki, og önnur lík truflandi áhöld, má þó aldrei nota nema á þeim tímum dags, sem hér segir: Á virkum dögum frá kl. 12 á miðnætti til kl. 9 árdegis, kl. 10¹/₂—12 árdegis og kl. 2—4 síðdegis. Á helgum dögum frá kl. 12 á miðnætti til kl. 10 árdegis.

Þessu má þó breyta með auglýsingu frá útvarpsstjóra, ef þurfa þykir.

3. gr.

Um refsingar fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum og meðferð mála út af slíkum brotum, fer eftir 8. gr. téðrar reglugerðar frá 13. maí 1930.

105

28. okt.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir

Austur-Barðastrandarsýslu.

I. Stjórn.

1. gr.

Málefni þau sem reglugerð þessi á við, standa undir umsjón hreppsnefndanna í Austur-Barðastrandarsýslu, hver í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugerðinni sé hlýtt, og þeir, sem brjóta á móti henni verði kærðir.

2. gr.

Sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum, og ráðstöfunum hreppsnefndanna. Þó verður sérhver þegar að hlýða fyrirskipunum hreppsnefndanna, hvort sem hann áfrýjar þeim eða ekki, en álíti sýslunefnd að honum hafi verið gerður óréttur, og hann haft skaða af, ákveður hún honum sanngjarnar bætur úr sveitarsjóði.

II. Um sauðfjármörk og markaskrár.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi skal hafa greinilegt mark á fé sínu. Enginn má hafa afeyrt eða fleiri en tvö mörk í einu. Nú eignast maður kind, er hann fær ekki

106

31. okt.